

SAMKOMULAG

Launanefndar sveitarfélaga annars vegar
og
Kennarasambands Íslands hins vegar
vegna Skólastjórafélags Íslands

um laun stjórnenda í samreknum skólum

Í lögum um leikskóla og grunnskóla, sem tóku gildi 1. júlí 2008, er kveðið á um heimild sveitarfélaga til að reka saman grunnskóla, leikskóla og tónlistarskóla undir stjórn eins skólastjóra. Um fyrirkomulag stjórnunar leik-, grunn- og tónlistarskóla fer eftir ákvörðun sveitarstjórnar.

1. grein Skólastjórar í SÍ

Ákveði sveitarstjórn að reka saman grunnskóla og leikskóla skulu laun skólastjóra, sem er félagsmaður í SÍ, hækka sem hér segir:

Fjöldi leikskólabarna	Launaflokkar
1-30	3
31 og fleiri	4

Ákveði sveitarstjórn að reka saman grunnskóla og tónlistarskóla skal skólastjóri raðast tveimur launaflokkum ofar en ella.

Sveitarstjórn er heimilt að minnka kennsluskyldu skólastjóra í samreknum skóla til samræmis við aukið stjórnunarumfang.

2. grein Aðrir stjórnendur

Sveitarstjórn getur veitt skólastjóra heimild til að endurskoða grunnröðun launa og verkefni þess millistjórnanda sem sannarlega hefur auknum starfsskyldum að gegna vegna samreksturs skóla.

3. grein

Samrekstri hætt

Greiðslur skv. samkomulagi þessu falla niður ef samrekstri skóla er hætt.

4. grein

Gildistími

Samkomulag þetta gildir frá 1. ágúst 2009.

5. grein

Endurskoðun

Samstarfsnefnd skal afla upplýsinga um framkvæmd samreksturs skóla og taka samkomulagið til endurskoðunar fyrir 30. nóvember 2010.

Reykjavík, 20. ágúst 2009

F.h. samninganefndar LN
með fyrirvara um samþykki
Launanefndar sveitarfélaga

F.h. Skólastjórafélags Íslands
með fyrirvara um samþykki
stjórnar SÍ